# 103. fundur Byggðaráðs Múlaþings
## haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 9. janúar 2024
## og hófst hann kl. 08:30

**Fundinn sátu:**
Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

**Dagskrá:**

**1. 202401001 - Fjármál 2024**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð Múlaþings samþykkir að sveitarstjóri sendi, fyrir hönd sveitarfélagsins, menningar- og viðskiptaráðuneyti stuðningsyfirlýsingu við það markmið að sundlaugarmenning Íslendinga verði tilnefnd á lista UNESCO.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**2. 202208148 - Umsókn um lóð, Miðvangur 8**

Fyrir liggur erindi frá Sigurgarði ehf. varðandi mögulega niðurfellingu gatnagerðargjalds.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð Múlaþings samþykkir að vísa fyrirliggjandi erindi frá Sigurgarði ehf varðandi mögulega niðurfellingu gatnagerðargjalds til umhverfis- og framkvæmdaráðs til umsagnar. Málið verður tekið fyrir til afgreiðslu í byggðaráði er umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**3. 202208083 - Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045**

Fyrir liggur skipulags- og matslýsing Aðalskipulags Múlaþings 2025-2045 sem hefur verið lögð fram til kynningar í Skipulagsgátt.

Lagt fram til kynningar.

**4. 202301126 - Atvinnulóðir í Múlaþingi**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir samskiptum við fulltrúa eigenda Egilsstaða 2 varðandi möguleg kaup sveitarfélagsins á landi á svo kölluðu Suðursvæði auk þess að fara yfir hugmyndir að tilboðum í umrætt svæði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð Múlaþings samþykkir að fela sveitarstjóra að halda áfram viðræðum við landeigendur í samræmi við umræðu á fundinum.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**5. 202103138 - Rammasamningur, íbúðarhúsnæði í Múlaþingi**

Til umfjöllunar er rammasamningur Múlaþings við Hrafnshól ehf., Nýjatún ehf. og Bæjartún íbúðarfélag ehf. um byggingu íbúðarhúsnæðis í Múlaþingi er gerður var 2021.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð Múlaþins felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræðu á fundinum.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**6. 202401009 - Beiðni um stofnframlag**

Fyrir liggur erindi frá Landsamtökunum Þroskahjálp varðandi stofnframlag vegna kaupa á íbúð á Egilsstöðum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð Múlaþings samþykkir að veita vilyrði fyrir stofnaframlagi (12% af kaupverði) vegna kaupa Húsbyggingasjóðs Þroskahjálpar á íbúð við Bláargerði sem nýtt verði til útleigu fyrir fatlaða íbúa Múlaþings. Stofnframlag sveitarfélagsins verði þó háð því að Húsbyggingasjóður Þroskahjálpar fái stofnframlag frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) vegna umræddra kaupa.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**7. 202201165 - Kröfur ríkisins um þjóðlendur á Austfjörðum**

Fyrir liggja til upplýsingar um stöðu málsmeðferðar Óbyggðanefndar á Austurlandi.

Lagt fram til kynningar.

**8. 202301120 - Sveitarstjórnarbekkurinn**

Farið yfir erindin sem bárust á sveitarstjórnarbekkinn, sem haldinn var á Jólakettinum 16. desember sl., og þeim vísað til viðkomandi ráða, stofnana og starfsfólks til afgreiðslu eftir því sem við á.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**9. 202301190 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2023**

Fyrir liggja fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 05.12.2023 og 15.12.2023.

Lagt fram til kynningar

**10. 202105265 - Málefni Ríkarðshúss á Djúpavogi.**

Fyrir liggja fundargerðir stjórnar Ríkarðshúss, dags. 28.11.2023, og aðalfundar Ríkharðshúss 2023, dags. 19.12.2023.

Lagt fram til kynningar

**11. 202302044 - Fundargerðir stjórnar HEF 2023**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar HEF veitna, dags. 12.12.2023.

Lagt fram til kynningar

**12. 202304051 - Sameiginlegur fundur sveitarstjórnar og ungmennaráðs**

Fyrir liggja gögn er farið var yfir á sameiginlegum fundi sveitarstjórnar og ungmennaráðs miðvikudaginn 15. nóvember 2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð Múlaþings samþykkir að vísa fyrirliggjandi ábendingum og fyrirspurnum til fjölskylduráðs til umfjöllunar og afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**13. 202308123 - Fundagerðir Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum,SSKS 2023**

Fyrir liggja fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 08.11.2023, 15.11.2023 og 12.12.2023.

Lagt fram til kynningar.

**14. 202301167 - Fundargerðir stjórnarfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2023**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 13.12.2023.

Lagt fram til kynningar.

**15. 202304031 - Fundagerðir SSA 2023**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar SSA, dags. 08.12.2023.

Lagt fram til kynningar.

**16. 202311030 - Fundagerðir Austurbrúar og upplýsingapóstar 2023**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Austurbrúar, dags. 08.12.2023.

Lagt fram til kynningar.

**17. 202312318 - Fundagerðir stjórnar Héraðsskalasafns Austfirðinga 2023**

Fyrir liggja fundargerðir stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga, dags. 13.12.2022, 19.10.2023 og 21.12.2023.

Lagt fram til kynningar.

**18. 202312314 - Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2023**

Fyrir liggur fundargerð aðalfundar Héraðsskjalasafns Austfirðinga, dags. 22.12.2023, ásamt gögnum.

Lagt fram til kynningar.

**19. 202310203 - Fundagerð, Samráðshópur um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði,**

Fyrir liggur fundargerð samráðshóps um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði, dags. 14.12.2023.

Lagt fram til kynningar.

**20. 202309115 - Umsókn um menningarstyrk, Starfsemi Kórs Egilsstaðakirkju**

Fyrir liggur umsögn atvinnu- og menningarmálastjóra Múlaþings varðandi erindi frá kór Egilsstaðakirkju varðandi langtímasamning um menningarstarfsemi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð Múlaþings tekur undir það er fram kemur í umsögn atvinnu- og menningarmálastjóra að samkvæmt úthlutunarreglum Múlaþings sé ekki hægt að verða við beiðni kórs Egilsstaðakirkju um langtímasamning. Vakin er athygli á að sveitarfélagið úthlutar styrkjum til sértækra menningarverkefna tvisvar á ári og eru aðilar hvattir til að nýta sér þann valkost. Atvinnu- og menningarmálastjóra falið að koma afgreiðslu byggðaráðs á framfæri við fulltrúa kórs Egilsstaðakirkju.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**21. 202309159 - Haustþing SSA og aðgerðaráætlanir 2023**

Fyrir liggur aðgerðaráætlun sem unnin er upp úr ályktunum haustþings SSA.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð Múlaþings samþykkir að fela skrifstofustjóra að sjá til þess að þær áherslur er fram koma í fyrirliggjandi aðgerðaráætlun Haustþings SSA, sem haldið var dagana 28.-29. september 2023, í viðeigandi ferli hjá starfsfólki og fagráðum sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**22. 202108124 - Tjaldsvæði í Múlaþingi**

Fyrir liggur tillaga að viðauka við leigusamning um tjaldsvæði á Seyðisfirði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð Múlaþings samþykkir að gildandi leigusamningur um tjaldsvæði á Seyðisfirði verði framlengdur um eitt ár í samræmi við grein 11.01 leigusamningsins. Nýja samningstímabilið verði 1. apríl - 31. október 2024. Atvinnu- og menningarmálastjóra Múlaþings falin framkvæmd málsins

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**23. 202312335 - Fréttatilkynning frá Samtökum orkusveitarfélaga vegna kynningu á tillögum starfshóps um vindorku í dag**

Fyrir liggur fréttatilkynning frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga varðandi kynningu á tillögum starfshóps um vindorku 13. desember 2023.

Lagt fram til kynningar.

**24. 202312334 - Samráðsgátt. Frumvarp um lög um sjávarútveg og sjávarútvegsstefnu og frumvarp um lagareldi**

Fyrir liggja til umsagnar frumvarp til laga um sjávarútveg og sjávarútvegsstefnu sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda þann 24.11.2023 og frumvarp til laga um lagareldi sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda þann 06.12.2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð Múlaþings tekur undir þá áherslu er fram hefur komið frá stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga að tekið verði tillit til starfsumhverfis sjávarútvegs, í fiskeldi og byggðaþróunar í öllum breytingum sem til umræðu eru í fyrirliggjandi frumvörpum.

Samþykkt með 4 atkvæðum og einn sat hjá (HHÁ)

**25. 202401008 - Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 1012010 (málsmeðferð og skilyrði), 27. mál.**

Fyrir liggur til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010 (málsmeðferð og skilyrði) 27. mál.

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12.15**

Rafræn skilríki

Undirritað af: Berglind Harpa Svavarsdóttir
Kennitala: 2811753009
Tími: 09.01.2024 12:16
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Vilhjálmur Jónsson
Kennitala: 2203604749
Tími: 09.01.2024 12:16
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Hildur Þórisdóttir
Kennitala: 2904833019
Tími: 09.01.2024 12:22
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Þröstur Jónsson
Kennitala: 0508623729
Tími: 09.01.2024 12:46
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Ívar Karl Hafliðason
Kennitala: 1409814199
Tími: 09.01.2024 13:56
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Helgi Hlynur Ásgrímsson
Kennitala: 0110695259
Tími: 10.01.2024 13:03
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign